

1869. riti á skuldabréfin sjálf vottorð um, að þau hafi verið skráð í
25. febrúar. bækurnar.

25. febrúar. **10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstöfun fjár þess, sem veitt er úr ríkissjóði til póstferða á Íslandi.**

Samkvæmt áskorun stjórnarráðsins hafið þér, herra stiptamtmaður — er þér áður hafið skrifast á við hina amtmennina — í bréfi dagsettu 10. desembermán. f. á. skýrt frá áliti yðar um, hvernig fæ því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt er á ári hverju í fjárhagslögunum til póstferðanna á Íslandi, yrði fyrst um sinn, þangað til komið verður í kring betra skipulagi á póstgöngunum á Íslandi, sem svo lengi hefir verið í undirbúningi, skipt svo niður milli allra þriggja amtanna, að þar við ynnist það fæ, sem með þyrfti til að fjölga póstgöngunum í vesturamtinu. Um þetta efni hafið þér stungið uppá, að ofan nefndri upphæð verði fyrst um sinn skipt niður milli amtanna á þann hátt, að suðuramtið fái 225 rd. á ári, vesturamtið 375 rd. og norður- og austuramtið 400 rd., að amtmönnunum verði þar að auki veitt heimild til að leggja til úr jafnaðarsjóðunum það sem á kynni að vanta, að upphæðin, sem ætluð er hverju amti um sig, hrökkvi til útgjalda þess til póstganganna á hverju ári, eða til vara, að amtmönnunum verði boðið að bera upp hver fyrir sitt amt uppástungu um, að það, sem þannig kynni að á vanta, yrði veitt með fjáráukaveitingu, og að endingu að þessu skipulagi verði komið á frá 1. aprílmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að upphæð þeirri, sem veitt er á ári hverju til póstganganna á Íslandi, verði frá byrjun næsta fjárhagsárs skipt niður á milli allra þriggja amtanna á þann hátt, sem þér hafið stungið uppá, herra stiptamtmaður, og treystir stjórnarráðið því, að amtmennirnir, hver fyrir sitt amt, láti sér annt um, eins og verða má, að upphæð sú, sem hverju amti þannig er ætluð, hrökkvi til. En skyldi sú raunin

á verða, að ekki yrði hjá því komizt einstöku ár að fara út 1869.
yfir þessar upphæðir, eiga amtmennirnir að bera upp fyrir 25. febrúar.
stjórnarráðinu uppástungu um það sérstaklega, til þess að
íhugað verði, hvort leyfa megi, að það sem á vantar verði lagt
til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á¹.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna 25. febrúar. á Íslandi, um „praktísèrandi“ lækni í Borgarfjarðar- sýslu og Mýrasýslu.

Í bréfi dagsettu 21. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stipt-
amtmaður og háæruverðugi herra, leitað samþykkis dómsmála-
stjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt Páli Jakopi Blöndal,
kandidat í læknisfræði, sem hefir sezt að í Borgarfjarðarsýslu
sem „praktísèrandi“ læknir, og sem stiptamtíð hefir sett fyrir
hèraðslækni í tæðri sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka,
sem ákveðinn er í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, með
kjörum þeim, sem tiltekin eru í konungsúrskurðinum, upp frá
þeim degi, að hann hefir tekið sér bólfestu annaðhvort í Guð-
rúnarkoti á Akranesi eða í Höfn í Leirár- og Melasveit, þó
svo að styrkurinn haldist því að eins, að ef bústaður hans
kynni að þykja óhagkvæmur fyrir íbúa þeirra hèraða, sem
honum kynnu að verða falin á hendur hèraðslæknisstörfn í, þá
taki hann sér bústað, sem betur liggur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbein-
ingar, að stjórnarráðið fellst hér með á, að Páli Blöndal, kan-
dídat í læknisfræði, sè veittur styrkur sá, sem um er rædt í
konungsúrskurði 10. maímán. 1867, en þó að eins með því
skilyrði, að hann takist á hendur hèraðslæknisstörfn ekki ein-
asta í Borgarfjarðarsýslu heldur líka í Mýrasýslu, og að hann
útvegi sér bústað einhvernstaðar þar, sem hentugast er fyrir

¹) Sama dag var hinum amtmönnunum tilkynnt inntak þessa bréfs.